

Viljayfirlýsing um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks

1. Aðilar samkomulags

Aðilar eru velferðarráðuneytið og Vinnumálastofnun annars vegar og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar. Viljayfirlýsingin er hluti af heildarsamkomulagi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins fyrir hönd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um endurmat á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

2. Markmið

Markmið viljayfirlýsingar þessarar er að setja ramma um þjónustu við fatlað fólk á sviði vinnumála í tengslum við endurmat á tilfærslunni, sbr. 1. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk, dags. 23.11.2010. Viljayfirlýsingin byggist á eftirfarandi grundvallaratriðum:

- Allir atvinnuleitendur hafa aðgang að vinnumarkaðsaðgerðum hjá Vinnumálastofnun sem annast skipulag vinnumarkaðsúrreða og mat á vinnufærni, sbr. lög nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, sem og vinnumiðlun.
- Líta ber á hvers konar atvinnu- og hæfingartengda þjónustu sem ætluð er fötluðu fólki sem vinnumarkaðsaðgerðir og telst því atvinnumál fatlaðs fólks.
- Líta ber á atvinnu- og hæfingartengda þjónustuþætti sem eina heild og í samhengi við aðra þjónustu þannig að samfella verði í allri þjónustu sem fólk þarf á að halda í hinu daglega lífi.

3. Lagagrundvöllur

Sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk skv. lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks. Vinnumálastofnun starfar skv. lögum nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir og ber ábyrgð á atvinnumálum fatlaðs fólks samkvæmt XI. og XII. kafla laga um málefni fatlaðs fólks. Aðilar eru sammála um þá verkaskiptingu við framkvæmd og fjármögnun þjónustunnar sem lýst er í samkomulagi þessu.

4. Ábyrgð félags- og húsnaðismálaráðherra

- a) Stefnumótun um atvinnumál fatlaðs fólks í samráði við sveitarfélög og heildarsamtök fatlaðs fólks.
- b) Að leggja árlega til í frumvarpi til fjárlaga að Alþingi veiti framlög til Vinnumálastofnunar svo unnt sé að bjóða vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fatlað fólk skv. XI og XII kafla laga um málefni fatlaðs fólks og að fjármagna vinnumarkaðsaðgerðir skv. XII. kafla laga um málefni fatlaðs fólks aðrar en þær vinnumarkaðsaðgerðir sem fjallað er um í a-lið 6. gr. samkomulags þessa.

5. Ábyrgð Vinnumálastofnunar

- a) Mat á þörf fyrir vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fatlað fólk skv. XI. og XIII. kafla laga um málefni fatlaðs fólks á hverjum tíma.
- b) Uppsetning og viðhald rafrænnar gáttar fyrir umsóknir um vinnumarkaðsaðgerðir frá atvinnuleitendum, sbr. 7. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir.
- c) Móttaka umsókna um vinnumarkaðsaðgerðir.
- d) Mat á vinnufærni fatlaðra atvinnuleitenda hjá sérfræðingum Vinnumálastofnunar og tilvísun í viðeigandi úrræði. Hægt er að vísa atvinnuleitanda í úrræði til reynslu þegar finna þarf út hvað best hentar viðkomandi atvinnuleitanda.
- e) Skipulag og framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða skv. lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, fyrir notendur þjónustu, sbr. fylgiskjal I með samkomulaginu.

- f) Að gera þjónustusamning um þátttöku fatlaðra atvinnuleitenda í einstökum vinnumarkaðsúrræðum sem aðrir þjónustuaðilar annast framkvæmd á. Gera samstarfssamning við sveitarfélög um þátttöku fatlaðra atvinnuleitenda í starfseiningum í vinnumarkaðsúrræðum skv. a-lið 6. gr. samkomulags þessa enda ekki sérstaklega greitt fyrir þær starfseiningar.
- g) Reglubundin heildarendurskoðun á aðstæðum fatlaðra atvinnuleitenda meðal annars í því skyni að meta hvort önnur vinnumarkaðsúrræði fyrir fatlað fólk skv. XI. og XII. kafla laga um málefni fatlaðs fólks eigi betur við fyrir viðkomandi.
- h) Þátttaka sérfræðinga Vinnumálastofnunar í samstarfi við sérfræðinga félagsþjónustu um atvinnumál fatlaðs fólks, þar á meðal einstaklingsbundna þjónustu, sbr. lið 7a í samkomulagi þessu.

6. Ábyrgð sveitarfélaga

- a) Skipulag, framkvæmd, fjármögnun og rekstur vinnustaða fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virknipjálfun skv. XI. og XII. kafla laga um málefni fatlaðs fólks, sjá nánar í fylgiskjal I með samkomulaginu.
- b) Frekari uppbygging og nýjar starfsstöðvar skv. a-lið
- c) Skipulag, framkvæmd og rekstur almennrar og sértækrar félagsþjónustu (þar með talin félagsleg liðveisla) fyrir þátttakendur í vinnumarkaðsúrræðum skv. a-lið 5. gr. samkomulags þessa samkvæmt reglum sveitarfélags eða sveitarfélaga.
- d) Þátttaka sérfræðinga félagsþjónustu í samstarfi við sérfræðinga Vinnumálastofnunar, þar á meðal einstaklingsbundna þjónustu, sbr. 15. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir.
- e) Að tryggja að unnt sé að vísa fötluðum atvinnuleitendum í viðeigandi úrræði án tillits til lögheimilissveitarfélags hins fatlaða.

7. Samráð og þróun þjónustu.

- a) Við mat á umsóknum skal Vinnumálastofnun hafa samstarf við hlutaðeigandi sveitarfélag/þjónustusvæði þegar umsókn atvinnuleitanda varðar þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélaga, sbr. 15. gr. laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir.

8. Kostnaðarskipting og fjárhagsleg samskipti

- a) Vinnumálastofnun ber ábyrgð á kostnaði af framkvæmd 5. gr. samkomulags þessa, sbr. fylgiskjal II.
- b) Vinnumálastofnun fjármagnar vinnumarkaðsúrræði samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, með fyrirvara um fjárheimildir í fjárlögum hverju sinni.
- c) Sveitarfélög halda þeim fjármunum vegna atvinnumála fatlaðs fólks sem voru hluti af heildarfjárhæð sem fluttist til sveitarfélaga við yfirfærsluna til að fjármagna rekstur á vinnustöðum fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virknipjálfun skv. a-lið 6. gr. samkomulags þessa.
- d) Sveitarfélögin fjármagna almenna og sértæka félagsþjónustu (þar með talið liðveislur) fyrir þátttakendur í vinnumarkaðsúrræðum skv. a-lið 5. gr. samkomulags þessa samkvæmt reglum hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga.
- e) Aðilar forgangsraða fjármagni til einstakra þátta í samræmi við þarfir og fjárheimildir í fjárlögum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.

9. Meðferð ágreiningsmála

Aðilar viljayfirlýsingarinnar skipa tvo fulltrúa hvor í sameiginlega sáttanefnd sem hefur það hlutverk að ráða til lykta málum sem ekki er eining milli Vinnumálastofnunar og viðkomandi sveitarfélags um hvernig skuli afgreidd. Sáttanefndinni berast mál til umfjöllunar samkvæmt starfsreglum sem fram koma í fylgiskjali III. Niðurstaða sáttanefndar er bindandi fyrir báða aðila.

10. Gildistaka

Samkomulag þetta tekur gildi þegar það hefur hlotið staðfestingu allra aðila samkvæmt 1. gr. Samkomulag þetta skal koma til endurskoðunar ef annar aðila óskar þess eða nauðsyn ber til, t.d. ef breytingar verða á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir eða lögum um málefni fatlaðs fólks.

Reykjavík, 28.09.2015.

Vinnumálastofnun
Gissur Pétursson

Samband íslenskra sveitarfélaga
Karl Björnsson

Velferðarráðuneytið
Anna Lilja Gunnarsdóttir

Fylgiskjöl:

- I. Vinnustaðir fatlaðs fólks – yfirlitsblað
- II. Kostnaðargreining á nýskipan atvinnumála
- III. Starfsreglur fyrir sáttanefnd